

Sverrir Thorstensen:

Um fugla á efnistöðum við Eyjafjarðará – viðbót við staði:

A Beiðni frá landeigendum:

Hvassafell:

Engar upplýsingar eru til um fuglalíf á því svæði sem óskað er eftir að bætt verði inn á aðalskipulagið.

Rauðhús:

Engar upplýsingar til um fuglalíf á eyrinni næst brú á Þjóðvegi.

Ytra-Gil, Syðra-Gil, Teigur og Munkaþverá :

Efnistaka úr farvegi árinna hefur ekki áhrif á fuglalíf ef fylgt er sömu reglum og settar eru um svæði E17-E20.

Möðruvellir:

1. Milli Helgastaða og Möðruvalla. Engar upplýsingar eru til um fuglalíf.
2. Áreyrar norðan Þjóðvegjar, austan við Stíflubru. Engar upplýsingar eru til um fuglalíf.
3. Áreyrar vestan ár, sunnan við Stíflubru. Engar upplýsingar eru til um fuglalíf.
4. Norðan Núpár. Dreift varp nokkurra tegunda á eyrunum. Á árunum 1995-2005 fór ég reglulega um þetta svæði síðla sumars og merkti fugla. Helstu tegundir: Heiðlóa, spói, sandlóa, tjaldur, sílamáfur. Varp þessara fugla hvergi þétt. Stormmáfar hófu að verpa við ána eftir 1995. Í talningu árið 2000 voru þörin 23 talsins, en 5 árið 2005. Á sama tíma hafði sílamáfum fækkað á svæðinu. Malarnám á takmörku svæði ætti ekki að hafa afdrifarík áhrif á fuglalíf.

B Beiðni frá Vegagerðinni:

Hrísar:

Litlar sem engar upplýsingar eru til um fuglalíf á áreyrunum, í talningu á stormmáfum og hettumáfum árin 2000 og 2005 sáust spóar og tjaldar á eyrinni og við hana. Engir máfar í varpi þessi 2 ár.

Melgerðismelar:

Eyrarnar sunnan Melgerðismela eru mun grónari en aðrir staðir sem hér eru til umfjöllunar. Við talningar á máfunum árin 1990, 1995, 2000 og 2005 sáust grágæsir, stokkendur, heiðlóur og spóar á varptíma og atferli þeirra benti til varps. Stormmáfar fundust fyrst verpandi á ytri eyrinni vorið 2000 (2 þör) og 5 árum síðar voru þörin orðin 5 talsins.

Bringa:

Stormmáfar hafa orpið á stóru eyrinni neðan og sunnan Bringu allar götur síðan fyrsta talningin fór fram vorið 1980 (2 pör). Hægt vaxandi varp síðan þá, 7 pör vorið 2005. Á eyrinni hafa einnig sést spóar og tjaldar.

Finnastaðaá:

Nánast engar upplýsingar eru til um fuglalífið á áreyrum Finnastaðaár. Stormmáfar hafa ekki sést þar í talningum. Spói og kjói eru til skráðir á svæðinu.

Almennt um fuglalífið:

Skipta má efnistökustöðum gróflega í 3 flokka:

1. Sandeyrar í farvegi Eyjafjarðarár. Lítið sem ekkert fuglalíf.
2. Lítið grónar eyrar við bakkana. Stormmáfsvarp á örfáum stöðum. Aðrir varpfuglar t.d. tjaldur, spói, svartbakur. Stærsta varpið á stað sem þessum er eyrin austan ár rétt utan við Kropp (sjá fyrri umfjöllun)
3. Mismikið grónar eyrar þveránna. Stærstu stormmáfsvörpin hafa verið meðfram þveránum báðum. Talningu nú í vor er ekki lokið þannig að ekki hefur enn sést hvaða áhrif stóraukið malarnám á þessum stöðum hefur haft á fuglalífið. Á víðáttumiklum eyrum sumra þveránna (t.d. Núpár neðan við Stekkjarflatir) er einna fjölbreyttasta varpið (máfar, spói, sandlóa, tjaldur, heiðlóa, kría).